

Nd.

235. Nefndarálit

um frv. til l. um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á jörðunum Höfn, Nyrðri-Skútu, Syðri-Skútu, Efri-Skútu og Staðarhóli í Siglufirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og aflað sér upplýsinga frá bæjarstjóranum á Siglufirði, Óla Hertervig, um það, hvaða tilraunir bæjarstjórn Siglufjarðar hefur gert til þess að fá jarðir þessar keyptar með frjálsum samningum. Nefndin er þeirrar skoðunar, að bæjarstjórnin hafi ekki nægilega reynt að fá keyptar jarðirnar Efri-, Nyrðri- og Syðri-Skútu og Staðarhól til þess að ástæða sé til að veita kaupstaðnum eignarnámsheimild á þeim jörðum að svo stöddu. Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Siglufjarðarkaupstað er heimilt að taka eignarnámi jörðina Höfn í Siglufirði (þann hluta, sem ekki er þegar í eigu kaupstaðarins), ef ekki næst samkomulag við eigendur um kaup.

2. Fyrirsögn frv. verði:

Frumvarp til laga um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á jörðinni Höfn í Siglufirði.

Alþingi, 19. jan. 1943.

Garðar Þorsteinsson,
form.

Stefán Jóh. Stefánsson,
fundaskr.

Áki Jakobsson,
frsm.

Jörundur Brynjólfsson.

Gunnar Thoroddsen.